

## Tillaga stjórnar SAF um breytingar á lögum samtakanna

Stjórn samtaka ferðaðjónustunnar leggur til eftirfarandi breytingar á lögum samtakanna:

### 1a. Fjölgun meðstjórnenda úr sex í átta.

- A. Í setningunni „kosning **6** meðstjórnenda“ í **6.tölulið 2.mgr. 7.gr.** laganna falli talan 6 út og talan 8 komi í hennar stað.  
Setningin svo breytt verði: „kosning **8** meðstjórnenda“.
- B. Í setningunni „Aðalfundur kýs **7** manna stjórn fyrir SAF“ í **1.mgr. 10.gr.** laganna falli talan 7 út og talan 9 komi í hennar stað.  
Setningin svo breytt verði: „Aðalfundur kýs **9** manna stjórn fyrir SAF“
- C. Í setningunni „annað hvert ár skal kjósa formann og **þrjá** meðstjórnendur en hitt árið eru hinir **þrír** meðstjórnendurnir í kjöri“ í **3.mgr. 10.gr.** laganna falli töluorðin þrír og þrjá út og töluorðin fjóra og fjórir komi í þeirra stað.  
Setningin svo breytt verði: „annað hvert ár skal kjósa formann og **fjóra** meðstjórnendur en hitt árið eru hinir **fjórir** meðstjórnendurnir í kjöri“

### 1b. Brottfall varamanna

- D. **4.mgr. 10.gr.** laganna um varamenn falli brott.
- E. Í setningunni „tryggja nægan fjölda frambjóðenda til að fylla sæti stjórnarmanna **og tveggja varamanna**“ í **9.mgr. 10.gr.** laganna falli orðin „og tveggja varamanna“ brott, til samræmis við brottfall **4.mgr. 10.gr.** (sjá D lið).

### 1c. Ákvæði til bráðabirgða I

- F. **Þrátt fyrir ákvæði 10. gr.** um stjórn og stjórnarkjör skal haga kosningum á aðalfundi 2026 með þeim hætti að kosnir verði fimm meðstjórnendur, þeir fjórir sem hljóta flest atkvæði í kosningunum verði kjörnir til tveggja ára en einn til eins árs.

## 2a. Fjölgun fulltrúa og lenging kjörtímabils í fagnefndum

### A. **3. mgr. 12. gr.** laganna orðast svo:

Í hverri fagnefnd sitja sex fulltrúar. Kjöri í fagnefndir skal hagað þannig að á aðalfundi skal kjósa þrjá fulltrúa í hverja fagnefnd sem eru kosnir til tveggja ára í senn. Stjórn SAF setur reglur um starfssvið þeirra, ábyrgð og skyldur.

## 2b. Ákvæði til bráðabirgða II

### B. **Þrátt fyrir ákvæði 12. gr.** um fagnefndir og kosningu í þær skal haga kjöri í fagnefndir á aðalfundi 2027 með þeim hætti að kosnir verði þrír nefndarmenn til tveggja ára og þrír til eins árs.

## Greinargerð

### 1. Fjölgun í meðstjórnenda úr sex í átta og brottfall varamanna.

Fyrri breytingarnar, 1a. – 1c., eru gerðar með því markmiði að fjölga fulltrúum í stjórn SAF úr sjö í níu. Til þess eru lagðar til breytingar á þeim greinum laganna sem fjalla um kjör stjórnar og vísa til fjölda stjórnarmanna. Þá er lagt til að núgildandi fyrirkomulag laganna um varamenn falli brott, þar sem níu manna stjórn verði áfram vel starfhæf þrátt fyrir að komi til brotthvarfs eins eða jafnvel tveggja fulltrúa milli aðalfunda.

Breytingin tekur mið af fjölgun á félagsmanna og auknum fjölbreytileika þeirra. Markmið hennar er að efla stjórn félagsins, auka breidd hennar og dreifa ábyrgð á fleiri aðila. Fjölgun stjórnarmanna er jafnframt ætlað að tryggja fjölbreyttari reynslu og fleiri sjónarmið innan stjórnar, sem getur stuðlað að betri ákvarðanatöku og öflugra stjórnarstarfi.

Ákvæði til bráðabirgða er lagt til að tryggja að breytingin um fjölgun í stjórn taki gildi á aðalfundi 2026 og til að tryggja hnökralaus umskipti í stjórnarkjöri vegna fjölgunar meðstjórnenda. Þetta ákvæði er nauðsynlegt til að samræma kjörferlið við nýja stjórnskipan og tryggja að stjórn sé rétt skipuð frá fyrsta aðalfundi eftir að breytingarnar eru samþykktar. Bráðabirgðaákvæðið kemur í veg fyrir að allir nýir meðstjórnendur verði kosnir til sama tíma, sem myndi skapa óstöðugleika í framtíðarkosningum. Með því að kjósa einn til eins árs tryggist að áfram verði kosið um helming meðstjórnenda árlega, í samræmi við meginreglu laganna um stjórnarkjör.

## 2. Fjölgun fulltrúa og lenging kjörtímabils í fagnefndum.

Breytingarnar, 2a og 2b, eru lagðar til í því skyni að styrkja starf fagnefnda SAF. Annars vegar er lagt til að fulltrúum í hverri fagnefnd verði fjölgað úr fimm í sex og hins vegar að kjörtímabil nefndarmanna lengist úr einu ári í tvö ár. Samhliða því er mælt fyrir um að á hverjum aðalfundi skuli kjósa þrjá fulltrúa í hverja fagnefnd til tveggja ára í senn.

Markmið breytinganna er að auka festu, þekkingu og samfellu í nefndarstörfum. Með lengra kjörtímabili skapast betri skilyrði til að halda utan um verkefni nefndanna, fylgja þeim eftir og byggja upp þekkingu og reynslu innan þeirra.

Í ákvæði til bráðabirgða 2b er lagt til að á aðalfundi 2027 verði kosnir þrír nefndarmenn til tveggja ára og þrír til eins árs. Ákvæðið er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að á næsta aðalfundi verði fulltrúar í nefndir kosnir til sama tíma. Með ákvæðinu er komið á þeirri skipan að framvegis verði kosinn helmingur nefndar á hverjum aðalfundi.